



# Framkvæmda- fréttir 11. tbl. /04



Í þessu blaði er auglýst útbod nýrrar brúar yfir Hörgá á Ólafsfjarðarvegi. Myndin sýnir núverandi brú sem var byggð 1953 en hún er úr safni Jóns J. Víðis. Myndin er líklega tekin fljótlega eftir byggingu brúarinnar. Einnig má sjá leyfar af stöplum eldri brúar. Þessi brú mun standa áfram og hjóna reiðmönnum á þessari leið.

## Auglýsingar útboða

### Klæðingar á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum 2004 04-14

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á um 113 km og hjólfarafyllingu á um 27 km á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum árið 2004.

Helstu magntölur eru:

Einföld klæðing .....782.000 m<sup>2</sup>

Hjólfarafylling með klæðingu ..... 43.000 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki, Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með 26. apríl 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 11. maí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Mölburður með malardreifara á Norðurlandi vestra 2004-2005 04-013

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í mölburð með malardreifara á Norðurlandi vestra árin 2004 og 2005.

Helstu magntölur eru:

Lengd ..... 220 km

Magn ..... 60.000 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. október 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 26. apríl 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 11. maí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 11. tbl. 12. árg. nr. 368 26. apríl 2004

Ritstjórn og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin Framkvæmdafréttir Borgartúni 7 105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbod eru kynnt, útbodsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

## Geithúsaá í Reyðarfirði

Í Framkvæmdafréttum 3. tölublaði 2004 birtum við gamla mynd úr myndasafni Jóns Víðis. Á myndinni var hópur manna og brú í baksýn, sem lesendur voru spurðir um hvort þeir þekktu. Margir sem þekktu staðinn hringdu en engar upplýsingar fengust um mennina á myndinni.

Brúin var á Geithúsaá í Reyðarfirði. Hún var byggð árið 1905 og var 18 metra löng. Ný brú var byggð á sömu hlöðnu stöplunum árið 1935 og stendur hún enn, þó nýr vegur og ný brú hafi verið byggð árið 1978 og hin þá aflögð.

Kristinn Briem, starfsmaður Vegagerðarinnar á Reyðarfirði, þekkti staðinn strax þegar hann sá myndina og fór á staðinn sem er skammt innan við þorpið og tók myndir sem hér birtast. Þó staðurinn sé fundinn, vantar enn upplýsingar um mennina á myndinni sem við birtum aftur hér neðst á síðunni en þeir hafa væntanlega verið í brúargerðarflokknum. Þeir sem geta hjálpað í þeim efnum, eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við Jakob Hálfðanarson, [jjh@vegagerdin.is](mailto:jjh@vegagerdin.is), sími 522 1253.



Myndir af brúnni frá 1935, teknar 17. febrúar 2004. Yngri yfirbygging, en sömu gömlu stöplarnir. Á myndinni til hægri er Kristinn Briem, starfsmaður Vegagerðarinnar á Reyðarfirði fyrir framan brúna.



# Skýrsla Línuhönnunar og Mott MacDonald um jarðgöng til Vestmannaeyja

## Ágrip

Í janúar 2000 gaf Vegagerðin út skýrsluna „Vegtenging milli Vestmannaeyja og lands, forkönnun“. Þar var farið yfir tæknilega mögulegar lausnir á vegtengingu milli lands og Eyja. Þeir möguleikar sem þar voru skoðaðir voru: jarðgöng, botngöng og flotgöng. Niðurstaða úttektarinnar var að jarðgöng væri eini raunhæfi kosturinn og að slík göng myndu kosta 25-31 milljarða króna á verðlagi í apríl 2004.

Haustið 2003 fólf Vegagerðin verkfræðistofunum Línuhönnun hf. og Mott MacDonald að gera óháða athugun á tæknilegum möguleikum og kostnaði við slíka vegtengingu. Ástæðan var einkum sú, að málið var áfram í umræðu og ljóst að tækni hefur að sumu leyti breyst frá því framangreind skýrsla var birt, auk þess sem ástæða þótti til að fá óháða aðila sem hafa reynslu af svipuðum verkefnum á alþjóðavettvangi til að leggja mat á tæknilega þætti og kostnað við slíka mannvirkjagerð. Fyrirtækið Mott MacDonald er eitt hið stærsta í heimi á sviði verkfræði- og tækniráðgjafar, með yfir 7.000 manna starfslið í 50 löndum, og hefur m.a. tengst gerð flestra jarðganga í Bretlandi alla síðustu öld. Auk þess hefur það mikla reynslu af erlendum vettvangi, ekki síst varðandi neðansjávargöng, eins og í Ermarsundsgöngum, Stóra-Beltisgöngum, Hafnargöngunum í Sydney og göngum í Hong Kong og Singapore.

Fljótlega kom í ljós að af þeim kostum sem áður höfðu verið athugaðir komu aðeins jarðgöng til greina, aðrir kostir eru nánast stærðargráðu dýrari. Tæknileg þróun í jarðgangagerð hefur verið töluverð á síðasta áratug. Á móti því kemur að kröfur til öryggis og búnaðar í jarðgöngum hafa aukist mjög mikið á sama tíma, m.a. í kjölfar hörmulegra slysa í Mið-Evrópu. Nú er unnið að jarðgangagerð við Kárahnjúkavirkjun með heilborun (TBM) í fyrsta sinn á Íslandi. Hér voru því skoðaðar þrjár aðferðir við jarðgangagerð, það er: Hefðbundin jarðgangagerð með borun og sprengingu, heilborun í bergi (hard rock TBM) og heilborun í lausum jarðlögum (soft-ground TBM). Þróun í heilborun jarðganga hefur verið hröð á síðasta áratug og því var talið rétt að skoða þá möguleika all ítarlega. Þversnið slíkra ganga býður að mörgu leyti upp á öruggari lausn heldur en annars yrði við boruð og sprengd göng, þar sem að rými fyrir flóttaleiðir skapast undir akbrautinni, en ekki er reiknað með sérstökum flóttaleiðum í sprengdu göngunum. Farið var yfir gildandi staðla og væntanlegar breytingar á stöðlum sem miðað er við að göngin þurfi að uppfylla, og í kostnaðarreikningum er miðað við að farið yrði að öllum nýjustu öryggiskröfum fyrir sambærileg göng.

Hagkvæmasta staðsetning gangamunna landmegin reynist vera við Kross í Landeyjum, þótt þar sé ekki fast berg fyrr en á u.þ.b. 50 m dýpi undir mól og sandi, sem gerir það mjög flókið og dýrt að koma fyrir nauðsynlegum mannvirkjum. Jarðgöngin sjálf yrðu svo um 18,5 km löng til Heimaeyjar, og mesti halli yrði 5%. Miðað er við tveggja akreina göng með svipuðu þvermáli og í suðurhluta Hvalfjarðarganga. Vegna lengdar ganganna eru miklar kröfur um snúningsrými fyrir stóra og smáa bíla, auk þess tæknibúnaðar sem kröfur eru gerðar um. Hönnun og öryggiskröfur miðast við að meðalumerð yrði um 500 bílar á dag. Miðað er við að sprengd göng yrðu unnin beggja vegna frá, en heilboruð göng aðeins í aðra áttina, en þó hugsanlega sprengt eitthvað á móti. Í báðum tilfellum er reiknað með að verktími yrði 6-7 ár.

Þess skal getið að jarðtæknilegir eiginleikar berggrunnins á

svæðinu með tilliti til jarðgangagerðar eru lítt þekktir. Þó er ljóst að jarðfræðilegar aðstæður eru mun óhagstæðari en t.d. í Hvalfirði. Jarðgangagerðin færi fram á og í námunda við eldvirk svæði ásamt því að þetta yrðu lengstu neðansjávargöng í heimi fyrir bílaumferð, eða rúmir 18 km. Hér er því um flókið og áhættusamt verkefni að ræða, en það er þó mat ráðgjafanna að það sé tæknilega mögulegt að grafa göng á milli lands og Eyja.

Komist var að þeirri niðurstöðu að boruð og sprengd jarðgöng milli lands og Eyja myndu á verðlagi í apríl 2004 kosta um 38 milljarða króna, heilboruð göng í bergi um 43 milljarða króna og heilboruð göng í lausum jarðlögum um 63 milljarða króna. Kostnaðaráætlanir byggja á þekktum kostnaði í nýlegum og yfirstandandi jarðgangaverkefnum í Evrópu, og höfð var hliðsjón af kostnaði við þau jarðgöng sem nú er unnið að á Íslandi. Áætlanirnar eru byggðar upp af einingaverðum fyrir hvern metra af göngum og af heiltölum fyrir ákveðna verkþætti. Ófyrirséður kostnaður er einnig innifalinn í tölunum eins og hefðbundið er fyrir alla mannvirkjagerð, en er hafður heldur hærri en í einfaldari verkefnum þar sem aðstæður eru betur þekktar. Þó er ekki talið að kostnaðaráætlanir séu íhaldssamar eða svartsýnar þar eð verkefnið er óvenju flókið og krefjandi, bæði í hönnun og framkvæmd.

*Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar tók saman.*

Skýrslan er birt í heild á PDF formi á heimasíðu Vegagerðarinnar, vegagerdin.is

## Auglýsingar útboða

### Ólafsfjarðarvegur (82)

#### um Hörgá 03-033

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð Ólafsfjarðarvegur (82) um Hörgá. Um er að ræða nýbyggingu og styrkingu á um 0,7 km löngum kafla og byggingu 36 m eftirspenntar bitabruar á Hörgá.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar og fláafleygar	19.100 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	5.700 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	1.260 m <sup>3</sup>
Bikfestun	5.150 m <sup>2</sup>
Ræsi	54 m
Grjótvörn	400 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	8.500 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	26.200 m <sup>2</sup>
Gröftur	1.900 m <sup>3</sup>
Mótaflatir	1.650 m <sup>2</sup>
Steypustyrktarjárn	33 tonn
Spennistál	7,7 tonn
Steypa	555 m <sup>3</sup>
Vegrið	316 m

Verki skal að fullu lokið 15. október 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 26. apríl 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 18. maí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

# VEGGÖNG, STÆRSTU BRÝR OG FJALLVEGIR

Þessi opna sýnir yfirlit vegganga, fjallvega og stærstu brúa á þjóðvegum. Stærðir mannvirkjanna eru sýndar með einföldum táknum sem eru í réttum hlutföllum innbyrðis.

Brýr eru taldar upp eftir lengd og flatarmáli akbrautar. Lengsta brú landsins, Skeiðarábrú er að mestu leyti með einbreiðri akbraut og því telst Borgarfjarðarbrú stærst ef miðað er við flatarmál akbrautar.


Lengstu veggöngin eru göng undir Breiðadals- og Botsheiði en þau eru þriggja arma. Veggöng undir

Hvalfjörð eru í eigu Spalar ehf. og rekin með veggjaldi.


Á línuriti er sýnd hlutfallsleg hæð 20 fjallvega í metrum yfir sjávarmáli. Vegur yfir Reynisfjall við Vik í Mýrdal er ekki nema 119 m y.s. en er samt hæsti hluti vegarins á milli Hveragerðis og Hafnar í Hornafirði. Hæst er farið á þjóðvegi á landinu á Sprengisandsleið á Nýjabæjar-afreitti, 940 m y.s.

## Lengstu brýr

mælikvarði 1 : 10 000



## Mesta flatarmál akbrautar á brú



Vestfjarðagöng  
í Breiðadal

Dyr

Ko


# Veggöng

mælikvarði 1 : 100 000

1 Breiðadals- og Botnsheiði	9.120 m		
2 Fáskrúðsfjarðargöng	5.900 m		í framkvæmd
3 Hvalfjörður	5.770 m		
4 Ólafsfjarðarmúli	3.400 m		
5 Almannaskarð	1.300 m		í framkvæmd
6 Strákagöng	800 m		
7 Oddsskarð	640 m		
6 Arnardalshamar	30 m		

Helstu brýr, jarðgöng og nokkrir fjallvegir

- Jarðgöng
- Brýr
- Nokkrir fjallvegir



0 10 20 30 40 50 km  
Mælikvarði 1 : 2 700 000



Hæð nokkurra fjallvega

## Niðurstöður útboða

### Snjómokstur og hálkuvörn á suðvesturhluta Suðursvæðis 04-025

Tilboð opnuð 20. apríl 2004. Snjómokstur og hálkuvörn á suðvesturhluta Suðursvæðis 2004 - 2009.

Gerður verður marksamningur um verkefnið.

Um er að ræða eftirtaldir leiðir:

- Hringvegur (1) um Hellisheiði frá Selfossi að Litlu-kaffistofunni, 33 km
- Gaulverjabæjarvegur (33) frá Eyrarbakkegi að Stokkseyri 3 km
- Eyrarbakkegi (34) frá Selfossi að Þorlákshafnarvegi, 22 km
- Álfstétt (343) frá Eyrarbakkegi að Túngötu, 0,3 km
- Hvammsvegur (374) frá Hringvegi að Sognsafleggjara, 2 km
- Þorlákshafnarvegur (38) frá Hringvegi að Þorlákshöfn, 19 km
- Þrengslavegur (39) frá Hringvegi að Þorlákshafnarvegi, 14 km
- Þingvallavegur (36), frá Biskupstungnabraut að Þjónustumiðstöð, 34 km
- Biskupstungnabraut (35) frá Hringvegi að Minni-Borg, 20 km

Helstu magntölur: Snjómokstur og hálkuvörn 60.000 km, eftirlitsbíll 30.000 km.  
Gildistími samnings er tímabilið 1. september 2004 til 15. maí 2009. Engin vinnuskylda er þó frá 30. maí til 1. september ár hvert.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
9 Sandvirki ehf., Þorlákshöfn	41.428.250	179,0	25.973
8 Hilmar Ólafsson ehf. og Njarðtak ehf., Reykjavík	39.813.000	172,1	24.358
7 Mjöllnir, Selfossi	30.910.000	133,6	15.455
6 Hlöðuvík ehf., Reykjavík	29.480.030	127,4	14.025
5 Icefox á Íslandi ehf., Akureyri	28.750.000	124,2	13.295
--- Áætlaður verktakakostnaður	23.140.180	100,0	7.685
4 Græðir sf., Flateyri	22.023.000	95,2	6.568
3 Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni	20.070.000	86,7	4.615
2 Króni ehf., Hólmavík	17.550.000	75,8	2.095
1 Hörður Þór Ástþórsson, Rauðalæk	15.454.900	66,8	0

### Yfirborðsmerkingar, sprautuplast 2004 - 2005 04-015

Tilboð opnuð 20. apríl 2004. Yfirborðsmerkingar með sprautuplasti á Reykjanesi, Suðurlandi og Austurlandi.

Helstu magntölur eru:

Yfirborðsmerkingar ..... 1.600 km  
Verki skal að fullu lokið 1. október 2005.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 Vegmerking ehf. og Vegamál ehf., Reykjavík	108.888.610	106,3	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	102.438.200	100,0	-6.450

### Brú á Viðdalsá hjá Kolugili, sandblástur og málun 04-036

Tilboð opnuð 20. apríl 2004. Um er að ræða ríflega 37 m brú. Verkið felst í sandblæstri og málun stálvirkis í brúnni ásamt endurnýjunar á gólfi og handriði. Loka þarf brúnni tímabundið meðan á verki stendur.

Helstu magntölur eru:

Sandblástur .....	212 m <sup>2</sup>
Málun .....	212 m <sup>2</sup>
Slihgólf .....	740 m
Plankar .....	780 m
Þvertré .....	98 stk.
Vegrið .....	96 m

Verki skal að fullu lokið 10. júlí 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 Verk-Vík ehf., Þykkvabæ	15.724.000	237,5	8.488
2 Tveir smiðir ehf., Hvammstanga	12.003.982	181,3	4.768
1 Stjórnuhlástur ehf., Seyðisfirði	7.235.800	109,3	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	6.621.159	100,0	-615

### Brekkuselsvegur (8009), Bökkvisbraut - Brekkusel 04-019

Tilboð opnuð 20. apríl 2004. Gerð Brekkuselsvegar (8009) frá Bökkvisbraut að Brekkuseli. Um er að ræða nýbyggingu á um 0,8 km löngum kafla frá gatnamótum Bökkvisbrautar og Mímisvegar á Dalvík.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar .....	4.700 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag .....	3.500 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag .....	550 m <sup>3</sup>
Klæðing .....	4.920 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa .....	11.000 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5 Græðir sf., vinnuvélar, Flateyri	12.385.550	186,1	6.547
--- Áætlaður verktakakostnaður	6.656.068	100,0	818
4 Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	6.620.400	99,5	782
3 Dalverk ehf., Dalvík	6.327.600	95,1	489
2 Steypustöðin Dalvík ehf.	5.922.350	89,0	84
1 Icefox ehf., Akureyri	5.838.500	87,7	0

## Vetrarþjónusta, Brjánslækur - Bíldudalur, og bleyting í Barða- strandarsýslu 2004-2007

04-040

Tilboð opnuð 20. apríl 2004. Snjómokstur og bleyting innan ramma marksamnings. Snjómokstur á Barðastrandarvegi (62) frá Brjánslæk að hafnarsvæði á Patreksfirði, á Bíldudalsvegi (63) frá Patreksfirði til Bíldudals, á Tálknafjarðarvegi (617) frá Bíldudalsvegi að Tálknafirði og Örlygshafnarvegi (612) frá Barðastrandarvegi að Gjögurum. Verktaki skal einnig framkvæma bleytingu með sjó/vatni í Barðastrandarsýslu.

Helstu magntölur (miðast við eitt ár) eru:

Snjómokstur ..... 13.000 km  
Bleyting ..... 6.000 km

Verki skal að fullu lokið 31. maí 2007.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
6 Árni G. Böðvarsson, Patreksfirði	7.754.000	113,9	1.804
5 Króni ehf., Hólmavík	7.620.000	111,9	1.670
4 Helgi Árnason, Patreksfirði	7.480.000	109,8	1.530
3 Græðir sf., Flateyri	7.370.000	108,2	1.420
--- Áætlaður verktakakostnaður	6.810.000	100,0	860
2 G.S.G. ehf., Bíldudal	6.361.200	93,4	411
1 Nóntindur ehf., Búðardal	5.950.000	87,4	0

## Sláttur vegsvæða á

### Suðvestursvæði 2004-2005

04-038

Tilboð opnuð 20. apríl 2004. Sláttur vegsvæða á Suðvestursvæði á árunum 2004 til 2005.

Helstu magntölur eru:

Slegið flatarmál, fjórir slættir ..... 152.500 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2005.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
9 Græðir sf., Flateyri, Önundarfirði	13.242.000	186,4	10.649
8 Héla ehf., Tálknafirði	9.314.090	131,1	6.721
7 Hannes Þ. Hafsteinsson, Kópavogi	8.005.000	112,7	5.412
--- Áætlaður verktakakostnaður	7.105.000	100,0	4.512
6 Njarðtak ehf., Njarðvík	6.489.000	91,3	3.896
5 Hreinsitækni ehf., Reykjavík	6.120.800	86,1	3.528
4 Garðlist ehf., Kópavogi	5.911.386	83,2	3.319
3 Hörður Þór Ástþórsson, Rauðalæk	3.855.000	54,3	1.262
2 Fræsun ehf., Reykjavík	2.995.000	42,2	402
1 Hrafn Magnússon, Selfossi	2.592.740	36,5	0

## Yfirlagnir á Austurlandi 2004

04-035

Tilboð opnuð 20. apríl 2004. Vegagerðin. Um er að ræða yfirlögn, nýlögn og viðgerðir með klæðingu.

Helstu magntölur eru:

Yfirlögn ..... 660.000 m<sup>2</sup>  
Klæðing neðra lag ..... 4.900 m<sup>2</sup>  
Hjólfaralögn ..... 1.100 m<sup>2</sup>  
Bætur og ræmur ..... 60.000 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
6 Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	51.457.940	103,9	12.017
--- Áætlaður verktakakostnaður	49.516.440	100,0	10.076
5 Klæðning ehf., Kópavogi	47.224.190	95,4	7.784
4 Slitlag ehf., Hellu	46.968.413	94,9	7.528
3 Borgarverk ehf., Borgarnesi	46.077.820	93,1	6.637
2 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	44.121.446	89,1	4.681
1 Malarvinnslan hf., Egilsstöðum	39.440.484	79,7	0

## Efnisvinnsla á

### Suðursvæði 2004

04-033

Tilboð opnuð 20. apríl 2004. Verkið „Efnisvinnsla á Suðursvæði 2004“. Malað verður í 5 námum.

Helstu magntölur eru:

Klæðingarefni ..... 8.000 m<sup>3</sup>  
Malarslitlag ..... 4.000 m<sup>3</sup>  
Efra burðarlag ..... 25.000 m<sup>3</sup>  
Samtals ..... 37.000 m<sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 15. september 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Björn og Gylfi sf., Reykjavík	36.620.000	125,4	10.890
3 Tak - Malbik ehf., Borgarnesi	35.500.000	121,6	9.770
--- Áætlaður verktakakostnaður	29.200.000	100,0	3.470
2 Hörður Þór Ástþórsson, Rauðalæk	27.750.000	95,0	2.020
1 Fossvélar hf., Selfossi	25.730.000	88,1	0

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmda eildar.


Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð		Auglýst:
		dagur, mánuður, ár
04-043	Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut, eftirlit	04
04-044	Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	04
04-045	Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik	04
04-046	Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, klæðing	04
04-037	Vetrarþjónusta Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur og Varmahlíð - Norðurá	04
04-039	Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut	04
04-041	Reykjanesbraut (41), breikkun, Kaplakriki - Lækjargata	04
04-004	Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
04-006	Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	04
04-003	Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka, 1. áfangi	04
04-023	Óshlíð, snjóflóðaskápar	04
04-016	Grenivíkurvegur (83), snjóastaðir	04
04-008	Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá 2004	04
04-028	Klæðingar á Norðurlandi eystra 2004	04
04-029	Mölbúður með malardreifara á Norðurlandi eystra 2004	04
04-018	Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk	04
04-005	Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2004	04
04-007	Þverárfjallsvegur (744), Tunga - Sauðárkrókur 2004-2005	04
04-017	Hlíðarfjallsvegur (837) um Hlíðarbraut	04
04-009	Vatnsdalsvegur (722), Hvammur - Steinkot 2004-2005	04
03-090	Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)	04
02-015	Hringvegur (1) við Hellu	04
03-095	Mjóafjarðarvegur (953) um Klífbrekku	04
00-054	Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	04
03-084	Hringvegur (1), Svinahraun - Hveradalabrekka	04
03-092	Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, eftirlit	04
03-009	Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki	04
04-034	Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi (Suðursvæði) 2004	04
04-012	Landgræðsla á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum 2004-2005 <sup>1)</sup>	04
03-080	Hjáleið í Reyðarfirði, 2. áfangi	04
03-010	Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging 2. áfangi	04

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
03-033	Ólafsfjarðarvegur (82), brú á Hörgá	26.04.04 18.05.04
04-014	Klæðingar á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum 2004 <sup>2)</sup>	26.04.04 11.05.04
04-013	Mölbúður með malardreifara á Norðurlandi vestra 2004-2005	26.04.04 11.05.04
04-042	Svalbarðseyrarvegur (830), vegamót við Hringveg	19.04.04 04.05.04
04-011	Hegranesvegur (764), Sauðárkrókur - Helluland 2004	19.04.04 04.05.04
04-002	Hálsasveitarvegur (518), Stóri-Ás - Húsafell	19.04.04 04.05.04
03-017	Norðfjarðarvegur (92), Sómastaðir - Hólmar og tenging að álvershöfn	19.04.04 04.05.04
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
04-010	Efribyggðarvegur (751), Álfgeirsvellir - Skagafjarðarvegur 2004	19.04.04 04.05.04
04-036	Brú á Víðidalsá hjá Kolugili - Sandblástur og málun	05.04.04 20.04.04
04-038	Grassláttur á Suðvestursvæði 2004-2005	05.04.04 20.04.04
04-040	Vetrarþjónusta Brjánslækur - Bíldudalur og bleyting í Barðastrandarsýslu 2004-2007	05.04.04 20.04.04
04-015	Yfirborðsmerkingar, sprautuplast 2004-2005	05.04.04 20.04.04
04-019	Brekkuselsvegur að skíðasvæði Dalvíkur	05.04.04 20.04.04
04-035	Yfirlagnir á Austurlandi 2004	05.04.04 20.04.04
04-033	Efnisvinnsla á Suðurlandi (Suðursvæði) 2004	05.04.04 20.04.04
04-025	Snjómokstur og hálkuvörn á suðvesturhluta Suðursvæðis 2004-2009	22.03.04 20.04.04
04-027	Mjóafjarðarferja 2004-2006	22.03.04 06.04.04
04-026	Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, eftirlit	08.03.04 06.04.04
04-022	Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2004	15.03.04 30.03.04
04-031	Malbikun á Ísafirði 2004	08.03.04 30.03.04
03-091	Laugarvatnsvegur (37) brú á Brúará	01.03.04 23.03.04
01-017	Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	01.03.04 30.03.04
04-020	Drangsnesvegur (645), Skáruklettanes - Fiskines	23.02.04 09.03.04

1) Áður kynnt útboð nr. 04-024 er sameinað þessu útboði.

2) Áður kynnt útboð nr. 04-021 er sameinað þessu útboði.



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 19. apríl 2004. Samtals er búið að sprengja 3.887 m sem gerir 68,3%.